



TÍÐINDI

af vettvangi Sambands Íslenskra sveitarfélaga

11. tbl. desember 2013


Gleðileg jól



Meðal efnis:

Úthlutun námsleyfa eftir landshlutum	3
Síðanefnd sambandsins	4
Rafrænar íbúakosningar	6
Samkomulag um áfallahjálp	8
Hávaði og hljóðvist í skólum	10
Breytingar á úrgangslögum	12


SKÓLAMÁL

 **Reykjavíkurborg**
þjónusta fyrir þig

Innri vefur | A- | A+ | Táknmál | Hafðu samband | Veftré | Símaskrá | Starfsmenn | Atvinna | Visitors

Styttu þér leið | Sláðu inn leitarorð

4 11 11 11
Netspjall við þjónustufulltrúa [Opna spjall](#)



Dagforeldrar

Leikskólar

Grunnskólar

Frístundastarf

Næring og heilsa

Lærum saman

Að byrja í leikskóla



Foreldrar eru í lykilhutverki þegar barnið byrjar í aðlögun í leikskólunum. [Lesu meira](#)

Virkir foreldrar



Viðhorf foreldra skipta sköpum fyrir námsgleði og árangur. [Lesu meira](#)

Næring og heilsa



Hreyfing hefur margbætt gildi fyrir heilsu og líðan barna og ungmenna. [Lesu meira](#)

Foreldravefur

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur opnað efnismikinn foreldravef. Vefurinn er ætlaður foreldrum barna á aldrinum 0-16 ára og er markmiðið með


honum að styðja og efla foreldra í því hlutverki að vera virkir þátttakendur í starfi og námi barnanna. Slóðin á vefinn er: www.reykjavik.is/foreldrar

Úthlutun námsleyfa eftir landshlutum

Úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2014-2015 er lokið. Alls bárust Námsleyfasjóði 162 fullgildar umsóknir. Fjármagn til úthlutunar leyfði að veitt væru 32 námsleyfi. Aðeins var hægt að verða við um 20% þeirra beiðna sem fyrir lágu og því ljóst að ýmsum fullgildum og áhugaverðum umsóknum varð að hafna.

Eins og fram kom í auglýsingu 5. gr. reglna um Námsleyfasjóð var ákveðið

að allt að 1/3 hluta leyfa yrði úthlutað sérstaklega vegna náms sem tengist kennaranum/stjórnandanum sem leiðtoga í lærdómssamfélagi annars vegar og mati á námi með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá grunnskóla hins vegar. Var 11 leyfum úthlutað til slíkra verkefna. Þeim 21 námsleyfum, sem eftir voru, var skipt á milli landshluta með hliðsjón af fjölda starfandi kennara og stjórnenda eftir landshlutum.



Siðanefnd sambandsins

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var föstudaginn 13. desember sl., var skipað í siðanefnd sambandsins, Nefndin starfar á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þar sem segir m.a.:

Samband íslenskra sveitarfélaga skipar nefnd sem veitt getur álit um siðareglur og um ætluð brot á þeim. Ráðuneytið getur borið tillögur sveitarstjórna um siðareglur undir nefndina áður en það tekur þær til staðfestingar.



Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar skal nefndin skipuð þremur mönnum. Einn þeirra skal hafa sérþekkingu á siðfræði, einn sérþekkingu á sviði lögfræði og sá þriðji víðtæka reynslu af sveitarstjórnarmálum. Stjórn sambandsins skipar formann og varaformann.

Í nefndina voru skipuð Sigurður Kristinsson, heimspekingur og prófessor á hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri, formaður; Erling Ásgeirsson, bæjarfulltrúi í Garðabæ, varaformaður; og Anna Guðrún Björnsdóttir, lögfræðingur og sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins.

Starfsmaður og ritari nefndarinnar verður Valur Rafn Halldórsson, stjórnsýslufræðingur og sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

1. Að veita ráð um efni og framsetningu siðareglna og endurskoðun þeirra.
2. Af gefa út almennar leiðbeiningar til sveitarfélaga um túlkun siðareglna eftir því sem tilefni eru til.

3. Að fjalla almennt um skýringar á ákvæðum siðareglna með það fyrir augum að málum verði beint í réttan farveg. Nefndin hefur ekki úrskurðarvald um hvort siðaregla hafi verið brotin í ákveðnu tilviki heldur beinist umfjöllun hennar að því hvernig hægt sé að færa mál til betra horfs í framtíðinni.
4. Að veita sambandinu og stjórn þess aðstoð þegar þörf er á sérþekkingu sem nefndarmenn búa yfir, m.a. vegna námskeiða- og ráðstefnuhalds.

Á heimasíðu sambandsins er hægt að nálgast ýmsar gagnlegar leiðbeiningar um siðareglur, þ. á m. fyrirmyndir sem sveitarstjórnir sem ekki hafa enn lokið gerð siðareglna geta stuðst við.

- <http://www.samband.is/verkefnin/stjornsysla-sveitarfelaga/sidamal/>
- <http://www.samband.is/media/sidareglur/Sidferdi-og-samfelagsleg-abyrgd.pdf>

Sætta þarf ólík sjónarmið í nýjum náttúruverndarlögum

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent Alþingi [umsögn](#) um [frumvarp um náttúruvernd](#) (brottfall laga nr. 60/2013). Í umsögninni tekur sambandið undir mikilvægi þess að ná betri sátt um náttúruverndarlögin. Sambandið tekur hins vegar ekki formlega afstöðu til þess hvort fella beri náttúruverndarlög nr. 60/2013 alveg úr gildi, eins og lagt er til í frumvarpinu, eða hvort nægilegt væri að fresta gildistöku náttúruverndarlaga nr. 60/2013, á meðan unnið væri að endurskoðun, þar sem m.a. yrði tekið tillit til þeirra [athugasemda sambandsins](#) sem ekki fengu umfjöllun af hálfu Alþingis, sbr. viðbótarumsögn frá 8. mars 2013.

Sambandið kallar eftir því að í tengslum við endurskoðun laganna fari fram heildstæð umræða um reynsluna af gildandi náttúruverndarlögum og að mótuð verði skýr framtíðarsýn um fjölda friðaðra náttúrusvæða og umsýslu þeirra, með aukinni aðkomu sveitarfélaga að stjórnun svæðanna. Þá leggur sambandið áherslu á að við ákvarðanir um friðun og verndun landsvæða verði ávallt haft samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög og landshlutasamtök og að horft verði til þess að náttúruverndarlög og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra verði ekki til þess að flækja að óþörfu stjórnsýslu í skipulagsmálum sveitarfélaga.

Málið er til umfjöllunar í umhverfis- og samgöngunefnd en það verður ef að líkum lætur ekki afgreitt frá nefndinni fyrir jólahlé á Alþingi.



KOSNINGAR

Rafrænar íbúakosningar



Miðvikudaginn 18. desember undirrituðu Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár Íslands, og Marc Prenafeta, sölustjóri spænska fyrirtækisins SCYTL í Evrópu, samning um aðlögun og afnot Þjóðskrár Íslands af kosningakerfi SCYTL og framkvæmd tveggja rafrænna íbúakosninga í tilraunaskyni. Kerfi SCYTL er í fremstu röð á heimsvísu og hefur m.a. verið nýtt í Noregi við sveitarstjórnarkosningar árið

2011 og þingkosningar haustið 2013. Kerfið verður tengt rafrænni kjörskrá og innskráningarpjónustu Ísland.is hjá Þjóðskrár Íslands, þar sem boðið verður upp á auðkenningu með rafrænum skilríkjum eða styrktum Íslykli.

Aðdragandi þessa er að með breytingum á sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi í júní 2013 var greitt fyrir því að íbúakosningar



í sveitarfélögum yrðu rafrænar. Var Þjóðskrá Íslands falið að þróa og reka íbúakosningakerfi sem notað yrði við rafrænar íbúakosningar sveitarfélaga. Einnig var skipuð ráðgjafarnefnd um framkvæmd rafrænna íbúakosninga sem staðfestir val á kosningakerfi, fylgist með framkvæmd og dregur lærdóm af rafrænum íbúakosningum. Í ráðgjafarnefndinni eiga sæti Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins – formaður, Þorleifur Gunnlaugsson, varaborgarfulltrúi í Reykjavíkurborg, og Anna Jörgensdóttir, bæjarlögmaður Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Þjóðskrá Íslands kynnti sér stöðu rafrænna kosninga hjá nokkrum þjóðum sem hafa getið sér gott orð á því sviði og kom þá fljótt í ljós að Norðmenn eru í fremstu röð í þessum efnum. Norðmenn hafa notað kerfi SCYTL um árabil, tekið virkan þátt þróun þess og meðal annars lagt því til viðbætur

sem snúa að ströngum öryggiskröfum. Munu Íslendingar njóta góðs af þeirri þróun.

Í ljósi jákvæðrar reynslu Norðmanna af kerfinu og samstarfi við SCYTL var ákveðið að leita eftir samstarfi við fyrirtækið og hefur nú verið gengið frá samningi um aðlögun og afnot Þjóðskrár Íslands af kosningakerfi SCYTL og framkvæmd tveggja íbúakosninga í tilraunaskyni.

Spænska fyrirtækið SCYTL hefur þróað rafrænt kosningakerfi frá 2001 og í raun fyrr, þar sem stofnendur þess voru framarlega í hönnun dulkóðunaraðferða vegna kosninga í háskólaumhverfinu allt frá árinu 1995. Kerfið er nú í notkun með ýmsum hætti í 18 þjóðlöndum. 300 starfsmenn vinna hjá SCYTL.



FÉLAGSPJÓNUSTA

Samkomulag um áfallahjálp í skipulagi almannavarna á Íslandi

Á fundi stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga þann 13. desember 2013 var kynnt nýtt samkomulag um áfallahjálp í skipulagi almannavarna á Íslandi dagsett 10. desember 2013. Halldór Halldórsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, skrifaði undir samkomulagið fyrir hönd sambandsins. Markmiðið með samkomulaginu er að efla og styrkja enn frekar áfallahjálp bæði til skemmri og lengri tíma.

Aðilar að samkomulaginu eru auk sambandsins Biskupsstofa, Landlæknir, Landspítalinn, Rauði krossinn á Íslandi og Ríkislögreglustjóri.

Samkvæmt hinu nýja samkomulagi sér Rauði krossinn á Íslandi um samhæfingu og hefur umsjón með áfallahjálp á Íslandi í umboði samstarfsaðila og samkvæmt samkomulagi um hjálparlið almannavarna frá 2012. Rauði krossinn hefur jafnframt umsjón með fjöldahjálp og félagslegu





hjálpstarfi í skipulagi almanna- varna, auk þess að koma að mönnum Samhæfingar- og stjórnstöðvar almanna- varna og aðgerðastjórna almanna- varna.

Rauði Krossinn vinnur að hlutverki sínu í samstarfi við samráðshóp áfallahjálpar á landsvísu en í honum sitja fulltrúar frá aðilum samkomulagsins, þar á meðal sambandsins. Hlutverk samráðshópsins er að móta stefnu og gæta þess að besta þekking og úrlausnir á sviði áfallahjálpar endurspeglast í skipulagi áfallahjálpar á hverjum tíma. Á hamfaratímum vinnur samráðshópurinn áætlun um hvernig áfallaþjónusta færast frá Rauða krossinum inn í heilbrigðisþjónustuna, félagsþjónustu sveitarfélaga, stofnanir kirkjunnar á landsvísu eða til einkaaðila þegar neyðaraðgerðum lýkur eða eftir því sem aðgerðum vindur fram, í samráði við Samhæfingar- og stjórnstöð almanna- varna.

Vegna atburða á einstökum stöðum á landinu vinna Rauði Krossinn og samráðshópur á landsvísu í nánu samstarfi við samráðshópa um áfallahjálpar í umdæmum lögreglustjóra. Eru þeir samráðshópar mannaðir fulltrúum frá Rauða Krossinum, heilbrigðisstofnunum, sveitarfélögum, kirkju og lögreglu í hverju umdæmi fyrir sig. Vinna hóparnir með upplýsingagjöf og fræðslu auk þess sem þeir gera áætlun í samstarfi við aðgerðastjórn almanna- varna í umdæminu um það hvernig áfallaþjónustan færast, þegar neyðaraðgerðum lýkur, inn í heilbrigðisþjónustuna, félagsþjónustu sveitarfélaga, stofnanir kirkjunnar eða til einkaaðila í viðkomandi umdæmi.

Fulltrúi sambandsins í Samráðshópi áfallahjálpar á landsvísu er Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

SKÓLAMÁL

Hávaði og hljóðvist í skólum

Á grundvelli bókunar 5 með kjarasamningi Félags leikskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 2011 og samhljóða bókun sömu aðila frá árinu 2006, sem fjallar um starfsaðstæður, hafa sambandið og Kennarasamband Íslands hafið samstarf um að bæta hljóðvist og draga úr hávaða í skólum.

Góð hljóðvist ætti að vera hagsmunamál allra er koma að skólastarfi. Hávaði getur haft víðtæk áhrif á heilsu og vellíðan einstaklinga. Börn eru mun viðkvæmari fyrir hávaða en fullorðnir og minna þarf til að heyrn þeirra skaðist. Ekki má gera minni kröfur til starfsumhverfis barna en fullorðinna.

Til þessa hefur sambandið ekki haft beina aðkomu að verkefnum um að draga úr hávaða og bæta hljóðvist í skólum. Fulltrúi sambandsins fjallaði þó um hljóðvist og hávaða í skólum á vörfundi Grunns í maí sl. og dreifði blaðinu Talfræðingurinn, en í því eru greinar eftir fyrirlesara á ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík í október á síðasta ári um skaðsemi hávaða á rödd, heyrn og almenna líðan í námsumhverfi barna. Auk þess fjallaði Valdís Jónsdóttir um erilshávaða og hljóðvistarmál í leikskólum á



skólapingi sveitarfélaga 4. nóvember sl. Er erindið aðgengilegt á [vef sambandsins](#).

Liður í hinu nýja samstarfsverkefni sambandsins og KÍ var „hugarflugsfundur“ sem haldinn var í húsakynnum sambandsins að Borgartúni 30, fimmtudaginn 12. desember sl. þar sem 20 fulltrúar frá 12 stofnunum og samtökum hittust og ræddu þetta þverfaglega vandamál. Voru fundarmenn sammála um að fundurinn hafi verið þarfur, upplýsandi og gagnlegur og að aukinn skilningur og meðvitund um mikilvægi hljóðvistar er nauðsynlegur. Er vilji allra aðila að taka upp samvinnu um aðgerðir með það að markmiði að opna augu fólks fyrir vandanum og finna leiðir til úrlausna. Voru fundarmenn á einu máli um að með umræðum og átaki mun árangur nást í baráttu við hávaða í námsumhverfi barna.



Stjórn og starfsmenn

Sambands íslenskra sveitarfélaga senda sveitarstjórnarmönnum og starfsmönnum sveitarfélaga góðar óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á nýju ári með þakklæti fyrir gott og gefandi samstarf á árinu sem er að líða.

SKIPULAGSMÁL

Byggingarreglugerð – eru frekari breytingar



Meiri sveigjanleika vantar í byggingarreglugerð til að geta mætt þörf fyrir fleiri litlar og ódýrar íbúðir. Þetta var það sem fram kom á málþingi Reykjavíkurborgar og Mannvirkjastofnunar sem haldið var fimmtudaginn 12. desember sl.

Allt frá því að mannvirkjalög voru sett í lok árs 2010 hefur sambandið fylgst náið með reglugerðarvinnunni. Upphaflega birtist reglugerðin í febrúar 2012 og hlaut hún þá allmikla gagnrýni, m.a. frá sambandinu, vegna áhrifa til hækkunar á byggingarkostnaði. Síðan hefur reglugerðinni verið breytt í tvígang og margvíslegir annmarkar sniðnir af henni. Ljóst er að þær breytingar hafa dregið úr þeim kostnaðarauka sem talið var að upphafleg útgáfa reglugerðarinnar myndi hafa í för með sér.

Eftir stendur hins vegar gagnrýni á nokkur atriði í reglugerðinni sem talin eru óþarflega þyngjandi fyrir sveitarfélögin sem framkvæmdaraðila. Þá hefur sambandið einnig bent á að ákvæði reglugerðarinnar séu um of stýrandi gagnvart hönnun íbúða. Mikilvægt sé fyrir sveitarfélögin að geta mætt eftirspurn eftir smærri og ódýrari íbúðum. Er þá sérstaklega horft til Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar sem gert hafa skipulagsáætlanir og þróað hugmyndir um leigufélög.

Páll Hjaltason er formaður skipulags- og byggingarráðs Reykjavíkurborgar, og fulltrúi í skipulagsmálanefnd sambandsins, og kynnti hann þessar áherslur borgarinnar í erindi á málþinginu. Þétting byggðar og aukið hlutfall leiguhúsnæðis í hverfum borgarinnar er hluti af nýju aðalskipulagi, sem borgarstjórn hefur samþykkt, og er nú í umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun.

Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta, tók undir þessar áherslur borgarinnar og benti einnig á að krafa um minni, ódýrari íbúðir á miðlægum svæðum væri ekki einskorðuð við stúdenta

á teikniborðinu?

heldur væru nýjar kynslóðir að koma fram með annað gildismat en þær sem á undan hefðu komið.

Auðun Freyr Ingvarsson er nýráðinn framkvæmdastjóri Félagsbústaða hf., og fjallaði hann í sínu erindi á málþinginu um stöðu Félagsbústaða sem er stærsta leigufélag landsins. Fram kom að um 20% íbúa Reykjavíkurborgar búa í leiguhúsnæði í dag, en neyðarástand ríkir á leigumarkaði þar sem mikil vöntun er á litlum hagkvæmum eignum til útleigu. Stór hluti ungs fólks á ekki eigið fé til íbúðakaupa og margir þeirra sem eiga sparnað vilja ekki festa hann í fasteignum heldur frekar leigja. Taldi Auðun ljóst að hið opinbera þyrfti að skerast í leikinn til þess að auka framboð á langtímaleiguhúsnæði, sérstaklega litlum, ódýrum íbúðum.

Fram kom á málþinginu að frekari breytingar á byggingarreglugerð væru nú til skoðunar í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, en engar ákvarðanir hafa þó verið teknar um efni þeirra. Þá er starfandi á vegum ráðuneytisins nefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með áhrifum

reglugerðarinnar á byggingarkostnað og stjórnslu sveitarfélaganna. Nefndin hefur óskað eftir því við embætti byggingarfulltrúa í Akureyrarkaupstað, Fjarðabyggð, Kópavogsbæ og uppsveitum Árnassýslu að taka þátt í þeirri vinnu.

Af hálfu sambandsins hefur verið lögð rík áhersla á að samráð verði haft við undirbúning slíkra breytinga til þess að tryggja að markmiðum þeirra verði náð. Einnig er rætt um byggingarreglugerðina í tengslum við vinnu sem nú stendur yfir á vettvangi velferðarráðuneytisins, um mótun húsnæðisstefnu til framtíðar en fulltrúar sveitarfélaganna taka þátt í nefndum og teyllum sem skipuð hafa verið um ýmsa þætti varðandi framtíðarskipan húsnæðismála.



UMHVERFISMÁL

Unnið að umsögn um frumvarp um breytingar á úrgangslögum



Verkefnisstjórn um úrgangsmál fundaði 16. desember sl. og var meginumræðuefni fundarins frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs. Frumvarpið hefur verið í vinnslu undanfarin misseri og er það álit sérfræðinga sambandsins að alvarlegum ágreiningsmálum í frumvarpinu hafi fækkað umtalsvert, þótt ýmis atriði í því hefði mátt orða skýrar. Stefnt er að því að drög að umsögn sambandsins verði send sveitarfélögum til kynningar og athugasemda fyrir jól.

Helstu atriði sem fjallað verður um í umsögn sambandsins eru eftirtalin:

- Frumvarpið getur haft í för með sér umtalsverð kostnaðaráhrif fyrir sveitarfélögin, annars vegar vegna kröfu um sérstaka söfnun úrgangs frá heimilum og hins vegar vegna markmiða um að draga úr urðun úrgangs. Afar mikilvægt er að sú stefna sem mótuð verður í málaflokknum byggji á kostnaðar- og ábatagreiningu og leggur sambandið

áherslu á að sveitarfélögin hafa ekki áhuga á því að hækka álögur á íbúa til þess að ná tölulegum markmiðum um meðhöndlun úrgangs nema slík markmið hafi skýran og málefnalegan tilgang.

- Fyrirkomulag sérsöfnunar verði ekki um of niðurnjörvað í lögunum heldur að sveitarfélög fái svigrúm til að útfæra þær leiðir sem þykja hagkvæmastar í hverju tilfalli. Núverandi fyrirkomulag sérsöfnunar úrgangs í sveitarfélögum er nokkuð mismunandi og hafa sum þeirra stærstu, t.d. Reykjavík og Akureyri, notað grenndargáma með góðum árangri. Sambandið leggur því áherslu á að markmiðin með endurvinnslu úrgangs séu skýr en að sveitarfélög hafi svigrúm til að ákveða hvar og með hvaða hætti sérsöfnun úrgangs eigi sér stað.



- Sambandið telur það ekki vera rétt skref að afnema einkarétt Endurvinnslunnar hf. á söfnun og meðhöndlun drykkjarvöruumbúða og koma þess í stað á fót sjálfstæðum skilakerfum
- Nýta hefði mátt betur það tilefni, sem innleiðing rammatilskipunar ESB um úrgang felur í sér, til þess að kveða skýrar á um ýmis mikilvæg atriði í lögunum, svo sem hver beri ábyrgð á meðhöndlun úrgangs á mismunandi stigum hennar. Sérstaklega telur sambandið því brýnt að fækka álitæfnum varðandi skil úrgangslaga og samkeppnislaga þar sem deilumál við einkafyrirtæki útheimta sífellt meiri tíma og orku, sem ella mætti beina í þá átt að þróa og bæta þjónustu við almenning á sviði úrgangsmála.

Umsagnarfrestur var upphaflega veittur til 20. desember en að ósk sambandsins var fresturinn lengdur til 17. janúar.

Sambandinu hafa þó borist fregnir af því að Alþingi vilji helst fá umsagnir eigi síðar en 8. janúar og mun verða reynt að verða við því til að umfjöllun um frumvarpið geti hafist í umhverfis- og samgöngunefnd strax eftir áramótin.



Kynning á starfsmönnum sambandsins



**Ragnheiður
Snorradóttir**

Ragnheiður hóf störf á rekstrar- og útgáfusviði 17. september 1987.

Ragnheiður er gjaldkeri sambandsins og samstarfsstofnana þess, hún sér um gerð reikninga og bankainnheimtu þeirra og ýmis tilfallandi ritarastörf. Annast skráningu umsókna í Námsleyfasjóð grunnskólakennara og Endurmenntunarsjóð grunnskóla og ýmis samskipti við umsækjendur í sjóðina.



**Ingibjörg
Hinriksdóttir**

Ingibjörg hóf störf á rekstrar- og útgáfusviði 15. október 1991.

Ingibjörg er tækni- og upplýsingafulltrúi, hún sinnir þjónustu við starfsmenn sambandsins og samstarfsstofnana þess á sviði tölvu-, net-, vef- og útgáfumála, auk tilfallandi starfa við þjónustu og aðstoð við aðra starfsmenn, stjórnar- og nefndarmenn og ýmsa viðskiptavini sambandsins og samstarfsstofnana þess.

Opnunartími um jól og áramót

Skrifstofa Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og annarra samstarfsstofnana verður opin um jól og áramót sem hér segir:

Þorláksmessa frá 8:30-16:00
Aðfangadagur lokað
Gamlársdagur frá kl. 8:30-12:00



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2013/31

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*